**Nd. 439. Frumvarp til laga**

um breytingar á lögum nr. 34 2. apríl 1943, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Aftan við 4. gr. laganna bætist nýr liður, svo hljóðandi:

d. Til olíugeyma.

2. gr.

6. gr. laganna breytist þannig:

1. Í stað orðanna: „b-lið og c-lið" komi: b-, c- og d-liðum.
2. Í stað „⅖" komi: helmingi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frv. ríkisstjórnarinnar um olíugeyma o. fl. er svo fyrir mælt, að Fiskveiðasjóður skuli lána til byggingar og kaupa olíugeymslustöðva og að lánin megi nema allt að 50% af byggingarverði eða kaupverði. Ákvæði þessi eru ekki í samræmi við lög Fiskveiðasjóðs Íslands, og þykir því nauðsyn til bera, að breytingar á fiskveiðasjóðslögunum, er samræmi þetta, verði samferða nefndu frumvarpi ríkisstjórnarinnar gegnum þingið.